

**FRÁSÖGN**

*af fundum Vestnorræna ráðsins á 69. Norðurlandaráðsþingi í Helsinki  
31. október - 2. nóvember 2017*

Af hálfu Íslandsdeildar sóttu þingið Bryndís Haraldsdóttir, formaður, auk Bylgju Árnadóttur, ritara. Auk þátttöku í Norðurlandaráðsþingi átti forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins fund með fulltrúum forsætisnefndar Norðurlandaráðs sem og vestnorrænum ráðherrum. Einnig var haldinn undirbúningsfundur fyrir þessa fundi. Formaður færeysku landsdeildarinnar gat ekki sótt fundinn af heilsufarsástæðum en sendi varamann sinn og formaður grænlesku landsdeildarinnar afboðaði einnig sökum veikinda.

Formaður Íslandsdeildar, Bryndís Haraldsdóttir, flutti ræðu á þinginu fyrir hönd Vestnorræna ráðsins undir liðnum almennar umræður. Í máli sínu ræddi hún um nýfengna áheyrnaraðild Vestnorræna ráðsins að Norðurskautsráðinu. Hún sagði umsókn um áheyrnaraðild hafa komið til vegna stóraukins alþjóðlegs áhuga á norðurskautinu. Loftslagsbreytingar væru líklegar til að leiða af sér bráðnun íshellunnar á norðurpólnum og aukna umferð skipa um svæðið og aukið aðgengi að auðlindum, bæði sjávarfangi og mögulega olíu. Bryndís sagði þessar miklu breytingar fela í sér bæði tækifæri og áskoranir fyrir íbúa svæðisins. Mikilvægt væri að umræðan snerist um fólkið sem byggir á norðurslóðum og hvernig tryggja megi að það verði áfram öruggt og gott að búa á þessu svæði. Markmið Vestnorræna ráðsins með þátttöku í Norðurskautsráðinu væri að vera skýr rödd fyrir hagsmuni og velferð íbúa á norðurslóðum. Þessu markmiði ætlaði Vestnorræna ráðið að ná með þátttöku í vinnuhópi um sjálfbæra þróun. Bryndís ítrekaði að það að ná tökum á loftslagsbreytingum skipti íbúa norðurslóða höfuðmáli. Afleiðingar loftslagsbreytinga hefðu til að mynda sést í náttúruhamförunum á vesturströnd Grænlands fyrr á árinu þar sem kröftug flóðbylgja olli manntjóni. Bryndís þakkaði sérstaklega fyrir hið góða samstarf sem Vestnorræna ráðið ætti við Norðurlandaráð og ítrekaði að þrátt fyrir aukna áherslu á norðurslóðamál mundi ekki draga úr samstarfi Vestnorræna ráðsins við Norðurlandaráð.

Forsætisnefnd Vestnorræna ráðsins fundaði með samstarfsráðherranum Agathe Fontain frá Grænlandi og sjávarútvegsráðherranum Høgna Høydal frá Færeyjum. Kristján Þór Júlíusson, samstarfsráðherra frá Íslandi, sinnti einnig skyldum forsætisráðherra á Norðurlandaráðsþingi og gat því ekki tekið þátt í fundinum sökum anna. Bryndís Haraldsdóttir stýrði fundinum og þakkaði ráðherrunum og ráðuneytum þeirra fyrir þátttöku í ársfundi Vestnorræna ráðsins á Íslandi í ágúst og fyrir skýrslur þeirra um stöðu vinnu til að bregðast við ályktunum ráðsins. Hún lýsti einnig ánægju með samstarfssamninginn sem undirritaður var á fundi utanríkisráðherra landanna í tengslum við ársfundinn og byggist á ályktun Vestnorræna ráðsins. Hún sagði frá vinnu ráðsins við að móta stefnu fyrir þátttöku í Norðurskautsráðinu og einnig frá þemaráðstefnu sem halda á í janúar næstkomandi á Grænlandi og fjalla mun um áskoranir og tækifæri í ferðaþjónustu á Vestur-Norðurlöndum. Jørgen Niclasen, starfandi formaður landsdeildar Færeyja, fór stuttlega yfir þær ályktanir ráðsins sem eru í gildi og sagði frá þemaráðstefnunni sem haldin var í janúar sl. og fjallaði um jafnréttismál með áherslu á áskoranir karla. Høgna Høydal sagði vestnorrænt samstarf mjög mikilvægt og að Færeyingar legðu mikla áherslu á að fara eftir ályktunum Vestnorræna ráðsins. Samstarf á norðurslóðum yrði sífellt mikilvægara, sérstaklega í ljósi erfiðleika Evrópusambandsins í kjölfar útgöngu Breta. Hann lýsti ánægju sinni með þær ályktanir ráðsins sem snúa að sjávarútveginum. Á vettvangi sjávarútvegarins litu löndin yfirleitt svo á að þau væru í samkeppni hvert við annað en á málefnasviðinu væru tækifæri til gagnlegrar samvinnu. Sú samvinna hefði auðvitað verið torvelduð síðustu tvö árin sökum tíðra ráðherraskipta, bæði á Íslandi og Grænlandi. Høydal benti hins vegar á að engar gildandi ályktanir Vestnorræna ráðsins fjölluðu um heilbrigðismál og sagðist einnig sakna þess að sjá ekki ályktun um jafnréttismál út frá þemaráðstefnunni í janúar. Í umræðum um þemaráðstefnuna benti Niclasen á að það væru

fleiri áskoranir í ferðaþjónustu en eingöngu sú að fá ferðamennina til landsins. Hann benti á að ýmis vandamál væru tengd ferðaþjónustunni á Íslandi, t.d. húsnæðisskortur í Reykjavík. Agathe Fontain lýsti ánægju með samstarfið við Vestnorræna ráðið og sagði nýju ályktanirnar vera áhugaverðar og spennandi. Í umræðum um norðurslóðamál sagði Niclasen mikilvægt að hafa í huga að málefnið snerist um fólk. Norðurslóðir og sjálfbær þróun væru sameiginlegt viðfangsefni allra á Vestur-Norðurlöndum, þrátt fyrir að íbúarnir væru annars ólíkir um margt.

Á fundi Vestnorræna ráðsins með forsætisnefnd Norðurlandaráðs var rætt um samstarf ráðanna tveggja. Bryndís Haraldsdóttir, formaður Íslandsdeildar, þakkaði fyrir þátttöku Norðurlandaráðs í fundum Vestnorræna ráðsins. Fulltrúi Norðurlandaráðs í Vestnorræna ráðinu, Phia Andersson, tók undir með henni og sagði mikilvægt að halda góðu sambandi og samstarfi milli ráðanna. Britt Lundberg, formaður Norðurlandaráðs, sagðist hafa séð það í heimsóknnum sínum til Vestur-Norðurlanda hversu mikilvægt norðurskautið væri orðið í samskiptum landanna og á alþjóðavísu. Einnig var tilkynnt að halda ætti septemberfundi Norðurlandaráðs í Nuuk á Grænlandi árið 2018 en að ekki væri búið að ákveða efni fyrir sameiginlega málstofu fundarins. Jørgen Niclasen vakti þá athygli á ályktun Vestnorræna ráðsins um rannsóknir á örplastmengun í hafi. Fulltrúar Norðurlandaráðs sögðu málefnið einnig vera áhersluefni þeirra og ákváðu að stefna að því að örplastmengun yrði viðfangsefni málstofunnar. Auk þess var rætt um að halda sameiginlega ráðstefnu í tengslum við ársfund Vestnorræna ráðsins árið 2019. Martin Kolberg, þingmaður frá Noregi og verðandi formaður Norðurlandaráðs, sagðist hlakka til samstarfsins við Vestnorræna ráðið og að ályktanirnar væru gott innlegg í vinnu Norðurlandaráðs. Fulltrúar forsætisnefndar Norðurlandaráðs óskuðu Vestnorræna ráðinu til hamingju með áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu og Bryndís sagði frá vinnu ráðsins við stefnumótun vegna þátttökunnar. Lundberg sagði frá vinnu Norðurlandaráðs í tengslum við norðurslóðamál, þar á meðal ráðstefnu sem haldin yrði í Helsinki í lok nóvember. Kolberg kvaðst gjarnan vilja ræða norðurslóðamál nánar þegar ný ríkisstjórn hefði tekið við á Íslandi. Niclasen sagði íbúa Vestur-Norðurlanda hafa mikið fram að færa í umræðunni um norðurslóðir. Hafið væri það allra mikilvægasta fyrir þessar þjóðir og sömuleiðis sjálfbær nýting auðlinda hafsins.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu [www.vestnordisk.is](http://www.vestnordisk.is).